



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýting“

Nr. S-184/2001 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

EFNI

1.	Þátttaka	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	2
	2.1 Yfirlit	2
3.	Næstu skref	5

Júlí 2023

1. ÞÁTTAKA

Eftirtöldum aðilum var boðið að veita umsögn: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtök Íslands, forsætisráðuneyti, Landgræðslan, Landbúnaðarháskóli Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og náttúruverndarsamtök, Samtök atvinnulífsins, Samtök Iðnaðarins, Skógræktarfélag Íslands, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktin, Þingvallapjóðgarður, Háskólinn á Akureyri, Ferðamálastofa, Umhverfisstofnun, Vegagerðin.

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3053](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3053)

Í lok árs 2021 færðist málið yfir til matvælaráðuneytisins.

2. SJÓNARMÍÐ UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

2.1 YFIRLIT

Málið fór í umsögn 24.9.2021 og umsagnarfrestur veittur til 22.10.2021. Umsagnarfrestur var framlengdur til 11.11.2021.

Alls bárust 88 umsagnir frá einstaklingum og lögaðilum.

Í umsögnum má greina eftirfarandi megináherslur:

Efnisatriði		Athugasemdir og áherslur	Hverjir
Samráð	Samráð	Í 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 kemur fram að Landgræðslan skuli gera tillögu að leiðbeiningum og viðmiðum um sjálfbæra landnýtingu að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Nokkuð margar athugasemdir bárust um að skort hafi verið á samráði við lykilaðila. Ráðuneytið telur að það þurfi að vinna betur í samráðspættinum og að samráð verði haft að lágmarki við BÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, NÍ, LbhÍ, UST, Samút og sveitarfélög þar sem líklegt er að reglugerðin hafi mikil áhrif. Gerð verði sérstaklega grein fyrir þessu og fyrra samráði í fylgiskjali með endurskoðaðri tillögu.	Úr ýmsum áttum
Almennt	Óljóst orðalag	Oft eru óljós skil á milli leiðbeininga og reglna. Mikilvægt að skerpa betur skilin á milli þess hvað eru leiðbeiningar og hvað	Úr ýmsum áttum, s.s. sveitarfélög o.fl.

		eru skilyrt viðmið, ekki síst varðandi akuryrkju.	
Almennt	Orðskýringar	Yfirfara orðskýringar og taka tillit til athugasemda frá m.a. Sigurði H. Magnússyni og Borgþóri Magnússyni, Ólafi Dýrmundssyni og Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur.	SHM og BM, ÓD, AGP, o.fl.
Almennt	Orðskýringar	Í 1. gr. í viðauka I er minnst á nýtingargetu. Bæta mætti hugtakinu við í orðskýringar.	
Almennt	Hugtakanotkun	Gott væri að fara yfir hugtakanotkun og orðalag, sérstaklega með hliðsjón af öðrum lögum. Sjá m.a. athugasemdir frá Sigurði H. Magnússyni og Borgþóri Magnússyni, NÍ, o.fl.	SHM og BM, NÍ, o.fl.
3. gr., 5. gr., 6. gr. og viðauki I	Vistgeta	Nokkuð margar athugasemdir bárust vegna hugtaksins vistgetu, mati á vistgetu og kortlagningu. Mikilvægt er að skýra hugtakið betur og sérstaklega mikilvægt að fjalla ítarlega um hvernig vistgeta er mæld eða metin.	BÍ, Sigurður H. Magnússon og Borgþór Magnússon, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, o.fl.
3. gr., 5. gr., 6. gr. og viðauki I	Vistgeta	Sjálfbær beitarnýting einkennist af nýtingu á landi sem er ekki í hnignuðu ástandi miðað við vistgetu. Gott væri að skýra betur hvernig hnignun er mæld. Er t.d. um hlutlægan kvarða að ræða eða er þetta huglægt mat?	Sama
3. gr., 5. gr., 6. gr. og viðauki I	Vistgeta	Óskýrt er hvernig tekið er tillit til þróunar gróðurfars/vistkerfis. Það þarf að gera betur grein fyrir þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að leggja mat á þróun gróðurfars.	Sama
3. gr., 5. gr., 6. gr. og viðauki I	Vistgeta	Ekki virðist vera hægt að leggja mat á vistgetu fyrr en kortlagning visteininga liggur fyrir. Hvenær er áætlað að slík kortlagning liggi fyrir?	Sama
Viðauki I	2. gr.	Það mætti skoða að einfalda framsetningu í öllum köflum.	Úr ýmsum áttum
Viðauki I	Orðalag	Kanna orðalag í kafla C (atriði IV) þar sem talað er um „fyrirsjáanlega neikvæð áhrif á náttúrufar“. Það mætti koma betur inn á hvernig mat sé lagt á þennan þátt.	
Viðauki II	Orðalag	Þar sem viðauki II eru einungis leiðbeiningar en ekki viðmið/skilyrði/reglur væri gott að skýra það betur og hafa orðalagið með þeim hætti.	Úr ýmsum áttum, s.s. sveitarfélög
Viðauki II	Framsetning	Viðauki II er bæði langur og flókinn og ekki aðgengilegur sem leiðbeiningar. Hann þyrfti að einfalda talsvert og leita til sérfræðinga í jarðrækt í þeim tilgangi. Einnig þarf að	Úr ýmsum áttum, s.s. SHM og BM, ÓD, o.fl.

		staðfæra hann betur m.t.t. íslenskra aðstæðna.	
Viðauki III		Hér er mikilvægt að skoða markmið landgræðslulaga og 13. gr. Viðaukinn er leiðbeiningar um hvernig megi framfylgja því. Endurskoða umsagnarhlutverk Landgræðslunnar við t.d. gerð deiliskipulags. Ekki er hægt að skylda sveitarfélög umfram það sem stendur í landgræðslulögum.	Skipulagsstofnun og fleiri
Viðauki IV		Athuga hvort viðauki IV geti verið gagnlegur til að leggja mat á hvort náttúruspjöll verði vegna heimilaðs utanvegaaksturs (t.d. á léttum vélknúnum ökutækjum, s.s. fjórhjólum).	
Viðauki IV		Kanna gildissvið gagnvart 32. gr. náttúruverndarlaga (um vegi í náttúru Íslands). Reglugerð um vegi í náttúru Íslands gildi um það.	
10. gr.	Kostnaður/ kostnaðarmat	Margar athugasemdir sneru að því hver ætti að bera kostnaðinn af eftirliti með sjálfbærri landnýtingu. Einnig komið inn á hvort reglugerðadrögin hafi verið kostnaðarmetin. Skoða m.a. með hliðsjón af skyldu sveitarfélaga samkvæmt 15. gr. laga um afréttamálefni fjallskil o.fl. varðandi eftirlit með ástandi heimalanda og afrétta.	Sveitarfélög o.fl.
10. gr.	Mat	„Árangur úrbóta skal metinn eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti“. Þetta þyrfti að endurskoða m.t.t. þess hvort þetta sé raunhæft. Skiptir einnig máli varðandi kostnað við kerfið.	SHM og BM, o.fl.
Aðrir þættir	Orðalag	Ekki er gerður greinarmunur á stórgripum og sauðfé/geitum. Þetta mætti kanna, ekki síst m.t.t. halla lands.	SHM og BM
Aðrir þættir	Prufukeyrsla	Það mætti skoða það að vinna greiningu fyrir landsvæði til að prófa kerfið og sjá hvernig mismunandi land kemur út úr því, í samráði við heimaaðila. Ráðuneytið hefur þegar óskað eftir greiningu fyrir tvö afréttasvæði sem liggja ekki fyrir.	ÓD
Aðrir þættir	Greinargerð	Æskilegt að Landgræðslan taki saman greinargerð um bakgrunn og faglegt undirlag tillagnanna, með vísan í viðeigandi heimildir. Einnig hvernig Landgræðslan sér fyrir sér innleiðingu á matinu m.t.t. úttekta á öllu beitilandi og upplýsinga þar að lútandi, meðferð óvissu og undantekninga, tímaáætlun, hvernig endurmat fari fram,	

		þátttöku landnotenda/nytjaréttarhafa í mati og samspil við Grólind og þróun þess verkefnis. Einnig mætti sýna feril matsins myndrænt.	
--	--	---	--

3. NÆSTU SKREF

Í ljósi fjölda umsagna og þess að ýmis atriði þurfa frekari skoðunar við verður málið tekið til ítarlegri skoðunar af hálfu ráðuneytisins og leitað á ný til Landgræðslunnar eftir endurskoðuðum tillögum í samræmi við 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018.